

Ósk um tilnefningu fulltrúa sveitarfélags vegna innleiðingar laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Frá : Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir <halldora.gunnarsdottir@frn.is>
Heiti : Ósk um tilnefningu fulltrúa sveitarfélags vegna innleiðingar laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.
Málsnúmer : 2110029
Málsaðili : Félagsmálaráðuneyti
Skráð dags : 25.10.2021 00:00:00
Höfundur : Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir <halldora.gunnarsdottir@frn.is>

Góðan dag.

Þann 1. janúar 2022 taka gildi ný lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021. Félags- og barnamálaráðherra ber ábyrgð á því að gerðar séu viðeigandi ráðstafanir til að undirbúa gildistöku laganna og styðja við innleiðingu þeirra en í því felst meðal annars að stýra aðgerðum við innleiðingu í samstarfi við ráðherra skv. 1. mgr. 3. gr. laganna og sveitarfélög.

Til að tryggja nauðsynlega aðkomu sveitarfélaga að innleiðingu laganna á öllum stigum óskar félags- og barnamálaráðherra hér með eftir því að hvert sveitarfélag tilnefni sérstakan fulltrúa innleiðingar. Viðkomandi aðili verður tengiliður sveitarfélagsins við ráðuneytið og alla þá aðila og hópa sem verkefninu tengjast. Til upplýsinga skal þess getið að jafnframt verður óskað eftir því að heilsugæslur/heilbrigðisstofnanir, lögreglustjórar, sýslumenn og framhaldsskólar tilnefni sambærilega fulltrúa innleiðingar. Auk þess verður óskað eftir tilnefningum fulltrúa stofnana á landsvísu.

Þess er vinsamlega óskað að tilnefning berist ráðuneytinu á netfangið halldora.gunnarsdottir@frn.is eigi síðar en **mánudaginn 1. nóvember nk.**

Jafnframt vekur ráðuneytið athygli á að í tengslum við innleiðingarferlið verður haldinn vinnufundur í Hörpu þar sem óskað verður eftir þátttöku fulltrúa innleiðingar. Fundurinn verður haldinn **miðvikudaginn 17. nóvember nk.** Nánari upplýsingar um dagskrá fundarins berast síðar í vikunni.

Með góðri kveðju,

Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir, sérfræðingur / Senior Advisor
Félagsmálaráðuneyti / Ministry of Social Affairs
Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8100
www.stjornarradid.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing